

Ár 2025, þriðjudaginn 27. maí, er dómþing Hæstaréttar sett og haldið af Benedikt Bogasyni hæstaréttardómara samkvæmt heimild í lokamálslið 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla.

Fyrir er tekið:

Málið nr. 55/2024:

Elva Dögg Sverrisdóttir og

Ólafur Viggó Sigurðsson

gegn

Íslandsbanka hf.

og tekin svohljóðandi

ákvörðun:

Með vísan til 104. gr., sbr. 190. og 166. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er tekin sú ákvörðun að taka á ný fyrir mál þetta í því skyni að fá afstöðu málsaðila til eftirfarandi atriða:

- Að því gefnu að 2. töluliður meginmáls veðskuldabréfsins um breytingar á vöxtum yrði metinn ógildur þar sem um ósanngjarnan skilmála væri að ræða í skilningi 36. gr. c laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga yrði lánsamningur aðila efndur án þess skilmála, þ.e. án nokkurs ákvæðis um vaxtabreytingar?
- Yrði 2. töluliður skilmálanna metinn ógildur samkvæmt framangreindu er tæk niðurstaða að vextir af láninu skuli breytast í samræmi við breytingar á vöxtum samkvæmt 1. málslíð 4. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu?
- Yrðu aðeins tilteknir þættir sem breytingar á vöxtum taka mið af samkvæmt 2. tölulið skilmálanna taldir ósanngjarnir skilmálar í skilningi 36. gr. c laga nr. 7/1936 og ógildir af þeirri ástæðu gætu aðrir þættir hans haldið gildi sínu og þá hverjir? Yrði lánsamningur aðila efndur með slíkri ógildingu á hluta 2. töluliðar skilmálans?
- Hvernig gæti lánsamningur talist uppfylla kröfur um jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila ef heimild lánveitanda til breytinga á samningsvöxtum vísar til fleiri en eins viðmiðunarþáttar án þess að vægi þeirra sé nánar tilgreint eða aðferð við vaxtabreytingu lýst?

Ef aðilar óska eftir að leggja fram gögn af þessu tilefni er veittur sameiginlegur frestur í því skyni til 14. ágúst n.k. Fyrirhugað er að málið verði aftur flutt í heild sinni 16. september n.k. kl. 9.

Dómpingi slitið

Jenny Hardardóttir